

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 87/2021**

**frá 5. febrúar 2021**

**um breytingu á XXII. viðauka við EES-samninginn (Félagaréttur)**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1010 frá 21. júní 2016 um hæfi lögbærra yfirvalda í tilteknum þriðju löndum samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1155 frá 14. júlí 2016 um jafngildi opinberra eftirlits-, gæðatryggingar-, rannsóknar- og viðurlagakerfa fyrir endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki í Bandaríkjunum samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1156 frá 14. júlí 2016 um hæfi lögbærra yfirvalda í Bandaríkjunum samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB <sup>(3)</sup>.
- 4) XXII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Viðauka XXII. við EES-samninginn er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi kemur í stað texta liðar 10fe (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/280/ESB):

„**32016 D 1156**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1156 frá 14. júlí 2016 um hæfi lögbærra yfirvalda í Bandaríkjunum samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB (Stjtið. ESB L 190, 15.7.2016, bls. 83).“

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 165, 23.6.2016, bls. 17.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 190, 15.7.2016, bls. 80.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 190, 15.7.2016, bls. 83.

2. Eftirfarandi kemur í stað texta liðar 10ff (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/281/ESB):

„**32016 D 1155**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1155 frá 14. júlí 2016 um jafngildi opinberra eftirlits-, gæðatryggingar-, rannsóknar- og viðurlagakerfa fyrir endurskoðendur og endurskoðunarfyritæki í Bandaríkjunum samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB (Stjtið. ESB L 190, 15.7.2016, bls. 80).“

3. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 10fg (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1874):

„10fh. **32016 D 1010**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1010 frá 21. júní 2016 um hæfi lögbærra yfirvalda í tilteknum þriðju löndum samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB (Stjtið. ESB L 165, 23.6.2016, bls. 17).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvörðana (ESB) 2016/1010, (ESB) 2016/1155 og (ESB) 2016/1156, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. febrúar 2021, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 5. febrúar 2021.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*

**Clara Ganslandt**

*formaður.*

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.